

- 115 1. Lágspennulína sé lögð falltraustri lagningu (sbr. 94. gr.) á þverunarhafi og má
25. okt. lóðrétt fjarlægð milli símavíra og lágspennutaugar þá hvergi vera minni en 1,5 m.
2. Lágspennulínan sé úr viðurkenndum útieinangruðum margþættum vír 10 mm² gildum að minnsta kosti. Þverunarhafið sé ekki yfir 25 m. og lóðrétt fjarlægð milli símataugar og lágspennutaugar má hvergi vera minni en 1/5 hluti fjarlægðarinnar frá þverunarstaðnum til næsta festipunkts lágspennutaugarinnar eða næsta festipunkts símataugarinnar, eftir því hvor er fjær. Hún má þó ekki vera minni en 0,5 m. og hún þarf eigi að vera meiri en 2 m.

f-liður falli burt.

g-liður verði f-liður og orðist þannig:

Skemmsta lárétt fjarlægð frá stöng lágspennulínunnar, stagi og þess konar, til símavírs, skal vera að minnsta kosti 1/2 hluti bilsins á milli stangarinnar og næstu stangar símalínunnar. Hún má þó ekki vera minni en 0,5 m. og hún þarf eigi að vera meiri en 1,5 m.

3. gr.

Aftan við b-lið 89. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi liður, sem verður c-liður:

c. Þar sem heimtaugar að húsum liggja nálægt hvor annari og sérstaklega er örðugt að fullnægja ákvæðum b-liðar, má enn minnka bilið niður úr ofangreindu, ef auk þess er gætt eftirfarandi ákvæða:

1. Heimtaugar séu úr viðurkenndum útieinangruðum margþættum vír að minnsta kosti 10 mm² gildum.
2. Haf sé ekki yfir 25 m.
3. Bilið milli símavírs og lágspennutaugar sé hvergi minna en 1/5 hluti fjarlægðarinnar frá mælistað bilsins til næsta festipunkts símataugarinnar, eftir því hvor er fjær. Það má þó ekki vera minna en 0,8 m. og það þarf eigi að vera meira en 2 m.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Öðlast hún þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. október 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

- 116 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Lögreglusjóð Reykjavíkur“ útgefin
26. okt. á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. október 1938. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lögreglusjóð Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lögreglusjóður Reykjavíkur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af andvirði fundinna fjármuna, sem eigandi hefir ekki gefið sig fram að, samkvæmt opnu kansellibréfi 8. júní 1811. Upphæð sjóðsins er nú kr.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

1. Andvirði fundinna fjármuna, samkvæmt opnu kansellibréfi 8. júní 1811.
2. Sektir, sem gerðar eru á hendur lögregluþjónum í starfa sínum samkvæmt þar um settum reglum.
3. Tillög lögregluþjóna, eins og þau verða ákveðin af félagsskap lögregluþjóna.
4. Vextir.
5. Gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja allskonar menningarstarfsemi og félagslíf innan lögreglunnar í Reykjavík með fjárstyrkjum.

Meðal þess, sem ætlast er til að sjóðurinn styrki, skal þetta sérstaklega talið:

1. Íþróttastarfsemi innan lögreglunnar.
2. Hljómlistalíf innan lögreglunnar og önnur skemmtistarfsemi.
3. Hópfærðir lögregluþjóna og útilíf meðal þeirra.
4. Félagsherbergi og samkomustaður fyrir lögregluna.
5. Útgáfur rita um lögreglumálefni.
6. Námsferðir einstakra lögregluþjóna.
7. Starfsemi, er miðar að því, að skýra fyrir almenningi störf lögreglunnar og aðstöðu og efla samvinnu milli lögreglunnar og almennings.

5. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík skal hafa vörzlu sjóðsins, annast ávöxtun hans, reikningshald og innheimtur hans vegna. Ber honum að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins.

6. gr.

Félagsskapur lögregluþjóna í Reykjavík skal kjósa þriggja manna sjóðsnefnd, er ákveði fjárveitingar úr sjóðnum og vinni að því að afla honum tekna. Nefndin skal kosin í janúarmánuði til 1 árs í senn. Til fundarins skal boða með tveggja sólarhringa fyrirvara og nefndarkosningar getið í fundarboði. Til þess að nefndarkosning sé lögleg skulu að minnsta kosti helmingur starfandi lögregluþjóna vera mættir á fundi.

Nefndin skal halda gerðabók, og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk, styrkveitingar og ástæðu fyrir þeim, samþykktir nefndarinnar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Núverandi eign sjóðsins leggst í fastasjóð. Í fastasjóð skal renna $\frac{1}{3}$ — einn þriðji — hluti allra árstekna sjóðsins, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt af gefendum. Vextir af fastasjóði leggjast við hann.

8. gr.

$\frac{2}{3}$ — tveir þriðju — hlutar tekna sjóðsins, annara en vaxta af fastasjóði, er starfsfé hans, sem veita má árlega úr honum í samræmi við 4. gr. Nú er árlegu starfsfé sjóðsins ekki öllu eytt á því ári, og ákveður þá sjóðsnefnd, hvort það, sem umfram er, skuli renna í fastasjóð, eða lagt við starfsfé næsta árs.

9. gr.

Úr fastasjóði má ekki veita fé fyr en hann er orðinn kr. 50000 — fimmtíu þúsund — krónur. Úr honum skal einungis veitt til stærri framkvæmda, er hið árlega

116 starfsfé sjóðsins stendur ekki undir, svo sem til byggingar félagsbústaða, ípróttavalla og þess háttar.

26. okt. Fjárveitingar úr fastasjóði mega aldrei nema meiru en það, að höfuðstóllinn, kr. 50000, sé óskertur. Sjóðsnefnd skal leita samþykkis lögreglustjóra um fjárveitingar úr fastasjóði.

10. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í islenzkum ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum, ræktunarsjóðsbréfum, eða sparissjóði, sem nýtur ábyrgðar ríkisins eða á annan eigi ótryggari hátt.

Þó má lögreglustjóri veita lán úr sjóðnum til fyrirtækja, er félagsskapur lögregluþjóna kann að gangast fyrir, að stofnuð sé í samræmi við 4. gr., enda séu örugg veð fyrir og lánveitingin samþykkt af sjóðsnefnd.

11. gr.

Reikning sjóðsins skal gera árlega og leggja fram á fundi í félagi lögregluþjóna. Skal hann borinn undir atkvæði til samþykktar.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Tveir endurskoðendur skulu kosnir á sama fundi og sjóðstjórn, til eins árs í senn.

12. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi er sett í samráði við stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur.

117

22. nóv.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Reykjavík.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Reykjavíkur skal greiða fasteignaskatt samkv. lögum nr. 69 31. desember 1937, af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum 1%
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum 1—
3. — tünnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum 0,5—

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 kr. greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sanningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkv. reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1939, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.